

Fundargerð 225. Fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjárfundur haldinn fimmtudaginn 18. nóv. kl.14:00 -16:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Boðaði forföll: Pétur Óskarsson

Dagskrá:

1. Fundargerð 203 - 224.
 - a. Undirritun frestað.
2. Úthlutun 2022 - FF17.
 - a. Verið er að útbúa aðgang inn á gagnagrunn Ferðamálastofu fyrir stjórn til að geta farið yfir umsóknir.
 - b. Auglýst var eftir umsóknum frá 27. sept. -26.okt. og bárust alls 113 umsóknir. Hins vegar barst Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu kæra þar sem ekki hafði verið auglýst á heimasíðu ráðuneytisins eins og segir að eigi að gera í reglugerð sjóðsins. Auglýst var því að nýju og er sá frestur frá 15. nóv. til 7. des. Því má búast við fleiri umsóknum.
3. Annað:
 - a. Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða endurskipuð næstu tvö árin 2021-2023 samkvæmt bréfi sem Ferðamálastofu barst frá ráðherra 26. október sl. (sjá meðfylgjandi bréf).

Næstu fundir:

09. desember

16. desember

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna



Halldór Eiríksson
Holtaseli 36
109 Reykjavík

ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skólögútu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 26. október 2021
Tilv.: ANR21090035/02.02.03

Efni: Skipun formanns í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2021-2023

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða skipar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fjóra fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til tveggja ára í senn. Skulu tveir skipaðir eflir tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, einn eflir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Sjóðurinn er á ábyrgð ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra en Ferðamálastofa hefur með höndum rekstur hans og alla aðra umsýslu.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða, leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins og fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði. Hlutverki sínu skal sjóðurinn sinna með því að veita fjármagni annarsvegar til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum og hinsvegar til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Þér eruð hér með skipaður í stjórnina. Í stjórninni eiga sæti:

Halldór Eiríksson, formaður, til heimilis að Holtaseli 36, 109 Reykjavík, netfang: halldor@lark.is

Pétur Óskarsson, tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar, til heimilis að Lækjargötu 5, 220 Hafnarfirði, netfang: petur@katla-dmi.is

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitafélaga, til heimilis að Glæsibæ 17, 110 Reykjavík, netfang: thordis.loa.thorhallsdottir@reykjavik.is

Dagný Arnarsdóttir, tilnefnd af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, til heimilis að Hólabergi 20, 111 Reykjavík, netfang: dagny.arnarsdottir@uar.is

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra